



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 1. júní 2022  
2205037SA KB/bg  
Málalykill: 00.63

### Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022-2025, 592. mál.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur átt aðild að vinna við gerð framkvæmdaáætlunarinnar enda eru sveitarfélögin (og sambandið fyrir þeirra hönd) tilgreind sem samstarfsaðilar ráðuneyta um nánast sérhverja aðgerð í framkvæmdaáætluninni. Margar aðgerðir eru beint framhald af aðgerðum sem ráðast átti í á gildistíma núverandi áætlunar og fyrri áætlunar (2016-2019) en hafa ekki náð fram að ganga eða skilað tilætluðum árangri.

Framkvæmdaáætlunin felur í sér mikilvægar umbótaaðgerðir eins og fyrri framkvæmdaáætlanir en rétt er að halda því til haga að eftirfylgni og framkvæmd fyrri áætlana hefur ekki verið nægilega árangursrík. Í áætlunum hefur verið kveðið á um mjög margar aðgerðir þvert á ráðuneyti sem er áskorun fyrir þá „síló“ stjórnsýslu sem við búum við. Auk þess hafa fjárveitingar ekki verið nægilega tryggðar. Þess bera að fagna að kostnaður er tilgreindur við flestar aðgerðir í þessari áætlun. Það er þó mat sambandsins að fjárhæðir séu almennt of lágar og að ef framtíðarfjármögnun Ráðgjafastofu innflytjenda á að koma af gildandi útgjaldaramma skv. fjármálaáætlun mun það riðla framkvæmd allra annarra aðgerða í áætluninni.

Í ljósi þess hversu margar aðgerðir má finna í framkvæmdaáætluninni og líkur á að aðgerðir séu vanfjármagnaðar hvetur sambandið Alþingi til þess að leggja fram skýrari forgangsröðun þannig að það sé ekki tilviljunarkennt hvaða aðgerðum verður lokið árið 2025 og hverjar hafa orðið að víkja vegna tíma- og/eða fjármagnsskorts. Einnig vantar að tilgreina betur hvernig eftirfylgni við aðgerðir áætlunarinnar verði tryggð.

#### Samfélagið

Sambandið tekur undir mikilvægi þess að stuðla að samfélagi þar sem allir íbúar landsins geta verið virkir þáttakendur óháð þjóðerni og uppruna. Hluti af virkni innflytjenda í samfélagini er þátttaka í kosningum, bæði sem frambjóðendur og kjósendar. Í nýjum kosningalögum var aukinn kosningaréttur innflytjenda í sveitarstjórnarkosningum en á sama tíma er vitað að kosningaþáttaka innflytjenda er lítil hér á landi. Telur sambandið því mikilvægt að bæta við aðgerð til að vinna að aukinni þátttöku innflytjenda í kosningum og samfélagslega virkni að öðru leyti á milli kosninga.

Aðgerð 1.5 fjallar um fjölmenningarstefnur og móttökuáætlanir sveitarfélaga. Þar kemur fram að kostnaður sé innan fjárhheimilda en athygli vekur að ekki hefur verið

tekið tillit til kostnaðar sveitarfélaga við gerð fjölmenningastefna, móttökuáætlana og innleiðinga þeirra. Sambandið vekur athygli á því að samkvæmt 129. gr. sveitarstjórnarlaga ber að kostnaðarmeta tillögu að lagafrumvörpum, stjórvaldsfyrirmælum eða öðrum stefnumarkandi ákvörðunum af hálfu stjórvalda ríkisins.

### **Menntun**

Sambandið tekur undir að áhersla verði lögð á stuðning við börn af erlendum uppruna og fjölskyldur þeirra, m.a. í gegnum skóla- og frístundastarf sem og með auknu aðgengi að íslensku- og samfélagsfræðslu. Þar skiptir miklu máli að börn er flyttjast til Íslands fái fullnægjandi kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Vakin er athygli á því að jöfnunarsjóður styður við íslenskukennslu til nemenda með íslensku sem annað tungumál til allra sveitarfélaga nema Reykjavíkurborgar. Einnig standa greiðslur úr sjóðnum ekki undir þeim viðmiðum er Menntamálstofnun setur fyrir íslenskukennslu fyrir börn með annað tungumál sem móðurmál. Mikilvægt er að þetta sé leiðrétt hið fyrsta svo þessi börn fái fullnægjandi kennslu og stuðning strax í upphaf skólagöngu hér á landi og að fjárstuðningur jöfnunarsjóðs standi undir þeim kostnaði sem sjóðnum er ætlað að bera. Hvatt er til þess að aðgerð verði bætt við framkvæmdaáætlunina þar sem þetta verður leiðrétt. Hugsanlega gæti verið skynsamlegt að staðsetja þá aðgerð undir næsta kafla er fjallar um menntun.

### **Flóttafólk**

Að mati sambandsins ber 5. kafli með sér að hafa ekki verið uppfærður með hliðsjón að breyttum aðstæðum í umhverfi þjónustu við flóttafólk í kjölfar stríðsins í Úkraínu. Unnið er að gerð nýrra samninga um samræmda móttöku sem vonir standa til að náist að ljúka á næstu dögum. Sambandið leggur því til að liður 5.1. sé uppfærður í samræmi við stöðu mála í dag. Einnig leggur sambandið til að við slíka uppfærslu verði bætt við að metinn verði kostnaður sveitarfélaga við móttöku flóttafólks. Sveitarfélög hafa mikinn metnað til þess að veita flóttafólkki góða þjónustu en reynslan sýnir að kostnaður vegna hennar er töluvert meiri en fæst endurgreiddur á grundvelli laga eða samninga um samræmda móttöku. Mikilvægt er að fá greinargóðar upplýsingar um kostnað sveitarfélaga svo endurskoðun samninga um samræmda móttöku taki mið af raunkostnaði.

Að mati sambandsins þarf einnig að bæta við aðgerð um húsnæðismál flóttafólks. Eins og öllum er ljóst er staðan á húsnæðismarkaði mjög erfið almennt en staðan er enn erfiðari fyrir flóttafólk. Sveitarfélög sem velja að taka þátt í samræmdi móttöku flóttafólks munu eiga erfitt með að finna húsnæði fyrir flóttafólk sem getur orðið til þess að færri sveitarfélög taki þátt í þessu mikilvæga verkefni sem er miður. Hvatt er til þess að strax sé farið í aðgerðir til að bregðast við þessu.

### **Samantekt**

Sambandið telur að umrædd framkvæmdaáætlun sé metnaðarfull og feli í sér mikilvægar aðgerðir í þágu innflytjenda. Mikilvægt er þó að framkvæmdaáætlunin sé ekki óskalisti. Ef ekki er hægt að tryggja fullnægjandi fjarveitingar og eftirfylgni þarf að koma til forgangsröðunar. Því áréttar sambandið það sem fram kemur i inngangi að hugað verði að skýrari forgangsröðun þannig að það verði ekki

tilvilijunarkennt hvaða aðgerðum verður lokið árið 2025 og hverjar hafa orðið að víkja vegna tíma- og/eða fjármagnsskorts.

Virðingarfyllst  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

  
\_\_\_\_\_  
Karl Björnsson

framkvæmdastjóri